

EFTIRLITSSKÝRSLA

HULA bs. Skógasandur



Dags eftirlits	1.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	HULA bs.	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hlíðarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4306972269	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Freyr Elínarson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Geir Sigurður Gíslason	Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlit. Varða frávikin að urðað var umfram heimild starfsleyfis, viðbragðsáætlun er ekki til staðar, vantar inn skil á skráningum á öllum atriðum sem krafist er í starfsleyfi og ársupplýsingum var ekki skilað innan tilskilins frests.

Ein ábending er lögð fram er varðar úrgangsskráningar til samræmis við reglugerð nr. 1040/2016.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Byggðasamlagsins Hulu á Skógarsandi í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Síðasta breyting var gerð á starfsleyfi rekstraraðila árið 2019, upphaflega var það gefið út árið 2014. Gildistími starfsleyfis er frá 20. ágúst 2019 og gildir til 14. febrúar 2030. Í starfsleyfi er heimild til að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári, þó aldrei meira en 10 tonn á dag.

Dagskrá eftirlits var tvískipt. Var farið fyrst í skoðunarferð á urðunarstað þann 12. júní og svo eftirliti fylgt eftir með fjarfundi þann 1. júlí.

Á dagskrá voru eftirfarandi atriði:

- Breytingar á rekstri
- Staðan á urðunarstað
- Úrgangsskráningar
- Farið yfir helstu ákvæði starfsleyfis
- Sýnatökur
- Eftirfylgnimál

Rekstraraðili hefur samið við Hringrás ehf. um rekstur urðunarstaðarins á Skógasandi og tóku þeir við rekstri urðunarstaðarins þann 1. nóvember 2023. Ábyrgð rekstraraðila færist þó ekki yfir til verktaka að uppfylla ákvæði starfsleyfis. Byggðasamlagið tekur á móti úrgangi úr tveimur sveitarfélögum, þ.e. Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Hyggst rekstraraðili sækja um breytingu á starfsleyfi og auka urðunarheimild starfsleyfis, er sú vinna stödd hjá ráðgjafafyrirtæki og væntir rekstraraðili skila úr þeirri vinnu á allra næstu dögum. Er sú vinna nauðsynleg til að hægt sé að leggja fyrir nauðsynleg gögn til Skipulagsstofnunar upp á afstöðu til matskyldu og umhverfismats sem er undanfari starfsleyfissóknar. Stendur til að óska eftir heimild til urðunar á 2.500 t/ári.

Síðan starfsleyfi var gefið út hafa lög um hollustuhætti og mengunarvarnir tekið miklum breytingum, markmið með lagabreytingunum er að draga úr myndun úrgangs og stuðla að aukinni endurnýtingu með aukinni flokkun. Engu að síður er urðað langt umfram heimild á urðunarstað (sjá neðar í skýrslu) og því eru þær breytingar sem orðið hafa ekki sjáanlegar varðandi úrgangsmagnið sem berst inn á urðunarstað. Skýrist það að einhverju leyti að breytingar hafa orðið á þeim sveitarfélögum sem nýta sér urðunarstaðinn. Kom fram í eftirliti að Skaftárhreppur hefur ákveðið að urða eingöngu óvirkan úrgang inn á urðunarstað við Stjórnarsand og berst því almennur úrgangsstraumur úr sveitarfélaginu til Skógarsands.

Í síðasta eftirliti sem fram fór árið 2023 komu fram sex frávik. Vörðuðu frávikin að urðað var umfram heimild í starfsleyfi árið 2022. Árið 2023 voru urðuð 917,34 tonn á Skógarsandi, sem er langt umfram heimild og er frávik frá heimilaðri starfsemi. Þann 12. september 2023 barst greinargerð frá rekstraraðila vegna eftirlits á urðunarstaðnum á Skógarsandi fyrir það sama ár. Var rekstraraðila bent á að nauðsynlegt er að svara hverju frávikum fyrir sig með viðeigandi úrbótaáætlun. Rekstraraðili og verktaki fengu leiðbeiningar hvert skyldi leita til að skila inn magntölum úrgangs til samræmingar við kröfur sem gerðar eru í gagnagátt Umhverfisstofnunar og þær kröfur sem eru gerðar í starfsleyfi.

Annað elda frávikin varðaði að takmarka skyldi aðgang að urðunarstað ásamt því ber rekstraraðila skylda að sjá til

Þess að rekstrarsvæði þess sé snyrtilegt. Við eftirlit nú er ljóst að mikil framför hefur orðið á ásýnd svæðisins og nýtt verklag augljóst. Hefur urðunarstaður verið afgirtur og stendur einnig til að hækka girðingar með þéttari netum til að takmarka betur fok lausefna. Rekstrarsvæði urðunarstaðarins eru takmörk sett varðandi veðurfar, mikið er um stífan vind frá sjó, bera sandblásin vinnutæki þess merki. Af gefinni ástæðu er því ekki urðað nema að veður sé hagstætt. Engin sófnun fer fram á urðunarstaðnum. Eru komin hlið við aðkomu urðunarstaðar sem takmarka aðgang óviðkomandi eftir opnunartíma, sem þá eru læst. Hafa verið settar upp eftirlitsmyndavélar sem vakta svæðið ásamt því hafa verið settar upp merkingar að óviðkomandi aðgangur sé bannaður. Var svæðið laust við rusl og óþrífnað í kringum urðunarstað, og hefur verið bætt inn í verklag að ganga skipulega um svæðið og plokka sjáanlegt rusl reglulega. Hafa urðunarhólf verið endurskipulögð og er unnið markvisst með daglegan frágang urðunarreina í huga eftir fyrimælum í starfsleyfi, og skipulag var gott. Vinnugámar eru á svæðinu sem geyma girðingarefni og eitt þétt, lekahelt og lokanlegt kar er innan svæðis sem notað er ef spilliefni berast inn á staðinn.

Þriðja frávikið varðaði að viðbragðsáætlun liggur ekki fyrir. Við eftirlit nú var rekstraraðili beðinn um að athuga þennan lið sérstaklega og útbúa viðbragðsáætlun, við breytingu á umfangi í starfsleyfi er mögulegt að slíkt þurfi að uppfæra með tilliti til aukins umfangs. Rekstraraðila ber að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili og verktaki eru hvattir til að kynna sér einnig innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis. Var rekstraraðili beðinn um að senda afrit af uppfærðum tryggingum, sbr. gr. 2.12 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið til ársins 2026 en hyggst hann uppfæra það með nýjum verktaka samkvæmt fyrrnefndri greinargerð.

Fjórdða frávikið varðaði að hafna skuli úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum. Gera skal grein fyrir öllum úrgangi sem berst inn á urðunarstað og hann skráður, einnig þeim sem er hafnað eða sendur er frá svæðinu af rekstraraðila, m.a. öllum spilliefnum. Ef ekkert kemur inn á urðunarstað sem þarf að hafna, skal einnig gera grein fyrir slíku, sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi.

Fimmta frávikið varðaði ófullnægjandi skráningar, sem þurfa að vera í samræmi við starfsleyfi er varðar innra eftirlit í heild, sem ber að skila í árskýrslu til eftirlitsaðila fyrir hvert undangengið ár, sbr. gr. 5.1., á það einnig við um þær tölur sem skrá þarf í gagnagátt Umhverfisstofnunar, sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi, til samræmingar við kröfur um viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og til samræmingar við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Var hvorki niðurstöðum skráninga ekki skilað innan tilskilins tímafrests né magntölum úrgangs, vegna skila ársins 2024. Var magntölum úrgangs skilað inn eftir eftirlit.

Sjötta frávikið varðaði að skiladagar voru ekki virtir varðandi skil ársupplýsinga við síðasta eftirlit og á það einnig við um þetta ár. Skila ber ársupplýsingum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert sem inniheldur allar þær skráningar og upplýsingar sem eiga við í gr. 5.1. sbr. starfsleyfi sem og því sem kemur fram í Viðauka I í starfsleyfi. Var rekstraraðili beðinn um að koma því í forgang nú, og sjá til þess að öllu sé skilað innan tilsetts tíma við næstu skil. Fékk rekstraraðili leiðbeiningar um hvert sé hægt að leita til varðandi sigmælingar og er einnig mikilvægt að niðurstöður úr mælingum á stöðu og samsetningu grunnvatns ásamt mengunar í jarðvegi sbr. gr. 5.2 sé með í þeim skilum. Má vísa til nærliggjandi veðurstöðva með veðurfarsmælingar, en þær upplýsingar þurfa að koma fram í ársskýrslu. Eftir eftirlit sendi rekstraraðili niðurstöður sýnataknna sem gerðar hafa verið á urðunarstað.

Mannvit (nú Cowi) hefur séð um sýnatökur mælingar á urðunarstaðnum frá árinu 2013. Í mælingum ársins 2023 ber ekki á frávikum í grunnvatnsmælingum úr borholum í neinum mælipáttum sem mældir eru fyrir utan köfnunarefni. Engar stórvægilegar sveiflur á gildum milli mældra þátta eru sjáanlegar, fyrir utan köfnunarefni, eru þá bornar saman niðurstöður úr borholum ofan við urðunarstað, við þær sem eru neðar. Stuðst er við viðmiðunargildi sem gefin eru upp fyrir umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í vatni til verndar lífríki, og eru einnig notuð til hliðsjónar þau losunarmörk sem eiga við útskolun í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Köfnunarefni sýnir mæld gildi ofan urðunarstaðar sem falla innan umhverfismarkna III, en fyrir neðan lenda þau í IV og V flokk. Ef mælingar eru skoðaðar aftur í tímann eru sveiflur á köfnunarefni algengar og ekki óeðlilegar vegna nálægðar við urðunarstað. Köfnunarefni og ammóníum er yfirleitt til staðar í sigvatni og bendir til niðurbrots á lífrænu efni, því hærri gildi á köfnunarefni sem eru, því meiri vísbendingar eru um niðurbrot við lofffirtar aðstæður. Lítið af ammóníum mælist hins vegar og er ekki í takti við mæld gildi köfnunarefnis sem er áhugavert og möguleg tenging við notkun næringarefna í landbúnaði. Þær mælingar sem skildgreindar eru í starfsleyfi enduspegla ekki þær kröfur sem gerðar eru m.t.t. vöktunar í samræmi við vatnaáætlun 2022-2027. Við umsókn um breytingar á starfsleyfi er því að vænta að vöktunaráætlanir verði uppfærðar til samræmist við reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika, álagsgreiningu og vöktun. Mælingar á mengunarefnum í jarðvegi eru gerðar annað hvert ár, síðustu mælingar voru teknar árið 2023 og eru engar athugasemdir lagðar fram vegna þeirra.

grein 1.2 í starfsleyfi:

Heimild til urðunar í starfsleyfi er 400 tonn á ári (hámark 10 tonn á dag). Samkvæmt upplýsingum úr gagnagátt Umhverfisstofnunar voru urðuð 917 tonn árið 2023. Eru það 517 tonn umfram heimild.

grein 2.4 í starfsleyfi:

Viðbragðsáætlun er ekki til staðar. Viðbragðsáætlun byggir á áhættumati sem unnið er vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004.

grein 5.1 í starfsleyfi

Skila skal skráningum í samræmi við þá þætti sem eru teknir fram í eftirfarandi grein. Upplýsingum um úrgang sem tekið hefur verið á móti var skilað eftir eftirlit sem og niðurstöðum sýnatakna (1 og 7).

grein 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal sent á heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Sjá yfirlit yfir skiladaga í Viðauka I. Var skiladagur ekki virtur.

ÁBENDINGAR

Sjá þarf til þess að úrgangur sé skráður í samræmi við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs og hafa til hliðsjónar þegar skil fara fram í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Skrá skal magn og tegundir úrgangs í samræmi við þá flokkun sem þar kemur fram. (Sjá nánar undir gr. 4.1. í starfsleyfi).

ANNAÐ

Áður en lokaskýrsla er send út ásamt bréfi, berst rekstraraðila drög að skýrslu úr eftirliti, sem gefur honum tækifæri til að bregðast við (2 vikur) ef einhverjar athugasemdir eru vegna skýrslunnar.

Í þeim tilfellum þar sem eru frávik í eftirliti ber rekstraraðila að svara bréfi sem fylgir lokaskýrslu eftirlits og bregðast við hverju fráviki fyrir sig, með áætlun og upplýsingar um úrbætur og alla jafna innihalda tímafresti sem áætlað er að úrbótum verði lokið. Viðmið vegna viðbragða frá rekstraraðila vegna frávika eftir að lokaskýrsla er send út eru þrjár vikur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,



Halla Margrét Viðarsdóttir

